

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 71/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2293/1999 frá 14. október 1999 um að framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 frá 16. nóvember 1999 um að tengja leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri í flokksnum hníslalyf og önnur lyf við þá sem bera ábyrgð á að koma þeim í dreifingu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2439/1999 frá 17. nóvember 1999 um skilyrði vegna leyfis fyrir aukefnum í fœðri í flokksnum „bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2562/1999 frá 3. desember 1999 um að tengja leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri í flokksnum sýklalyf við þá sem bera ábyrgð á að koma þeim í dreifingu⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2690/1999 frá 17. desember 1999 um að leyfa ný aukefni í fœðri⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 284, 6.11.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 310, 4.12.1999, bls. 11.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 33.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið li (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1636/1999) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

- „lj. **399 R 02293**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2293/1999 frá 14. október 1999 um að framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri (Stjtið. EB L 284, 6.11.1999, bls. 1).
- lk. **399 R 02430**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 frá 16. nóvember 1999 um að tengja leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri í flokknum hníslalyf og önnur lyf við þá sem bera ábyrgð á að koma þeim í dreifingu (Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3).
- ll. **399 R 2439**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2439/1999 frá 17. nóvember 1999 um skilyrði vegna leyfis fyrir aukefnum í fœðri í flokknum „bindiefni, kekkjavarfarefni og storkuefni“ (Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 8).
- lm. **399 R 2562**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2562/1999 frá 3. desember 1999 um að tengja leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri í flokknum sýklalyf við þá sem bera ábyrgð á að koma þeim í dreifingu (Stjtið. EB L 310, 4.12.1999, bls. 11).
- ln. **399 R 2690**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2690/1999 frá 17. desember 1999 um að leyfa ný aukefni í fœðri (Stjtið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 33).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2293/1999, 2430/1999, 2439/1999, 2562/1999 og 2690/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann